

Miðvikudaginn 19. desember 1962.

Nr. 52/1962. **Guðni Vilberg Björnsson**

og

Samvinnutryggingar

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

Ólafi Snorra Guðnasyni

(Gústaf Ólafsson hrl.)

og

Skiptaráðandanum í Hafnarfirði f. h.

Þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar (Enginn)

og

Ólafur Snorri Guðnason

gegn

Guðna Vilberg Björnssyni,

Samvinnutryggingum

og

Skiptaráðandanum í Hafnarfirði f. h.

Þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Máli á hendur Þrotabúi vísað frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1962 og gert þessar réttarkröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendur verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að þeim verði dæmdur úr hendi gagnáfrýjanda og stefnda, skiptaráðandans í Hafnarfirði f. h. Þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, in solidum málskostnaður fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar, en gagnáfrýjandi verði einnig dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi.

Til vara krefjast þeir, að fjárhæðir þær, sem aðaláfrýjendum var gert að greiða gagnáfrýjanda með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkaður verulega og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Ólafur Snorri Guðnason, hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 4. maí 1962 og krafizt þess, að aðaláfrýjendur, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, og stefndi, skiptaráðandinn í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum kr. 158.198.75 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins ásamt 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda, skiptaráðandans í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, voru sótt dómþing fyrir Hæstarétti, þar til munnlegur málflutningur fór fram.

Samkvæmt 33. gr. sbr. 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878 ber úrlausn málsins, að því er varðar þrotabúið, undir skiptarétt, og ber því að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms og málsmeðferð í héraði að þessu leyti og visa kröfunni á hendur þrotabúinu frá héraðsdómi.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Eiríks Björnssonar lækni, dags. 16. þ. m., er sýnir, að engar breytingar, sem máli skipta um örorkumat, hafa orðið á heilsufari gagnáfrýjanda.

Fallast má á rök héraðsdómarans fyrir því, að aðaláfrýjendur beri solidariska ábyrgð á tjóni því, sem slysið olli, og að ekki sé ástæða til skiptingar tjónbóta vegna framkomu gagnáfrýjanda í sambandi við það.

Örorkubætur gagnáfrýjanda samkv. 1. lið dómkrafna hans þykja hæfilega metnar kr. 95.000.00 í stað kr. 80.000.00, sem í héraðsdómi greinir.

Að öðru leyti má staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er til upphæða tekur, þó svo, að vaxtahæð reiknast 9% í stað 10% og 7% í stað 8%.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 20.000.00, en málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, að því er varðar þrotabú Jóns Kr. Gunnarssonar, og er kröfum á hendur þrotabúinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður gagnvart þrotabúinu fellur niður.

Aðaláfrýjendur, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Ólafi Snorra Guðnasyni, kr. 112.685.00 með 9% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. febrúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., hefur Ólafur Snorri Guðnason, Hvaleyrarbraut 11, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 12. maí 1961, gegn skiptaráðandanum í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar útgerðarmanns, Guðna Vilberg Björnssyni bifreiðarstjóra, Herjólfsgötu 28, Hafnarfirði, og Samvinnutryggingum, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum, að fjárhæð kr. 145.585.75, eða annarri lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. des. 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Vátryggingafélaginu h.f., Reykjavík, sem Jón Kr. Gunnarsson hafði ábyrgðartryggingu hjá, var stefnt til réttargæzlu.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 158.198.75, og byggist sú hækkun á nýjum örorkuútreikningi og kostnaði við hann.

Stefndu samþykktu, að hækkun þessi fengi að komast að án framhaldsstefnu.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður látinn niður falla. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar.

Vegna aðildar Guðna Vilbergs Björnssonar og Samvinnutrygginga að máli þessu þykir, þrátt fyrir ákvæði skiptalaga um, að kröfur á hendur þrotabúi skuli bera upp fyrir skiptaráðanda, þessi málsmeðferð óhjákvæmileg, en bú Jóns Kr. Gunnarssonar útgerðarmanns var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar 15. september 1960.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. marz 1960 voru starfsmenn Jóns Kr. Gunnarssonar útgerðarmanns að flytja „asdic“-bát í geymslu í Þórðarskemmu við Norðurbraut hér í bæ. Báturinn var fluttur að skemmuni á palli vörubifreiðarinnar G 494, eign stefnda, Guðna Vilbergs, en hann var bifreiðarstjóri hjá útgerð Jóns Kr. Gunnarssonar. Verkinu var þannig hagað, að bifreiðinni var bakkað að skemmu-dyrnum, en á skemmugólfið, sem var úr rauðamöl, hafði spír-um verið raðað þversum með stuttu millibili frá pallenda bifreiðarinnar og inn eftir skemmuni. Átti að losa bátinn af palli bifreiðarinnar með því að lyfta honum og láta bátinn síga niður á spíurnar. Báturinn var nokkuð lengri en pallurinn, og röðuðu verkamennirnir sér tveir hvoru megin við hann, við aftur-enda pallsins. Áttu þeir að taka á móti bátnum og styðja við hann, þegar hann rynni niður af pallinum. Gunnar E. Jónsson, verkstjóri Jóns Kr. Gunnarssonar, stóð hægra megin við bifreiðina, framanvert, og stjórnaði verkinu.

Stefnandi stóð hægra megin við bátinn ásamt Finnboga Ólafssyni, en hinum megin við hann voru Páll Hjörleifsson og Úlfar G. Randversson. Stefndi Guðni Vilberg var inni í bifreiðinni og stjórnaði lyftingu pallsins eftir fyrirsögn verkstjóra.

Allir þessir menn hafa komið fyrir dóm og ber frásögn þeirra saman í öllum höfuðatriðum. Stefndi Guðni Vilberg kveðst hafa smályft pallinum ca 1 metra frá grind. Ber öllum saman um, að pallinum hafi verið lyft rólega, nema stefnanda, sem telur, að honum hafi verið lyft nokkuð snögg. Þegar báturinn rann af stað, virðast þeir, sem áttu að styðja við hann, ekki hafa ráðið við hann sökum ferðar hans og þyngdar. Lenti báturinn ofan á spírunum og velti þeim á undan sér með þeim afleiðingum, að stefnandi og Páll Hjörleifsson urðu á milli með fæt-urna, þegar spíurnar runnu saman, en við þetta brotnaði hægri fótur stefnanda og fór úr liði um ökla. Hinum mönnunum, Finnboga og Úlfari, tókst að forða sér. Upplýst er, að spíurnar voru lengri en breiddin á palli bifreiðarinnar, þannig, að þeir, sem

áttu að styðja við bátinn, urðu að standa á milli þeirra. Bifreiðin var í kyrrstöðu, er slysið vildi til.

Stefnandi var fluttur í Slysavarðstofuna í Reykjavík, en síðan í Landspítalann, þar sem gert var að meiðslum hans. Þar lá stefnandi í 18 daga, en eftir það var hann í 6 vikur í göngugipsi.

Páll Sigurðsson læknir hefur fylgzt með bata stefnanda og metið örorku hans 23. marz 1961. Þar segir svo um meiðsli stefnanda:

„Hann var óvinnufær til 1/7 1960. Við skoðun hjá tryggingalækni 17/10 1960 þá kom í ljós, að mikill stirðleiki var í ökla-liðnum. Hann var þá sendur í æfingameðferð, og við eftirlit 24/11 1960 hafði komið í ljós, að liðurinn hafði liðkæzt mikið.

Kom síðast til skoðunar 13/3 1961. Hann hefur unnið fulla vinnu síðan 1/7 1960. Núverandi óþægindi: Kvartar um þreytu-verki í ökla og kálfa við stöður og gang, og stundum eru þreytu-verkir í hvíld eftir áreynslu.

Skoðun: Gengur óhaltur.

Hægri ganglimur: Nokkur fyrirferðaraukning er um hægri öklann, og rýrnun á hægri kálfa. Kálfinn mælist 2 cm rýrari en vinstri, en öklinn 1 cm gildari. Enginn bjúgur er á legg eða rist. Vel gróið ör eftir aðgerðir á ökla.

Hreyfing	Hægri	Vinstri
Fetta	20°	30°
Beygja	30°	40°

Hverfihreyfing $\frac{1}{3}$ af eðlilegri hreyfingu / eðlilegt.

Hreyfingar í öðrum liðum eðlilegar.

Gerð var röntgenskoðun á röntgendeild, Landakoti, 14/3 1961, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Hægri ökli: Situs í hægri talo-crural-lið er góður og skráfnaglinn í gegnum malleolus lateralis dx. fer vel. Rétt fyrir neðan skráfnaglinn er að sjá dál. brot af nagla í tibia, rétt fyrir innan syndesmosis tibio fibularis og fyrir ofan liðflötinn í ökla-liðnum. Brotið í fibula dx. er vel gróið.“

Ályktun: Hér er um að ræða fertugan verkamann, sem slasast við vinnu sína fyrir 1 ári síðan og brotnar á hægri ökla og fer úr liði. Hann var alveg óvinnufær 3—4 mánuði eftir slysið, en byrjaði síðan að vinna svipaða vinnu og áður og hefur gert það síðan.

Þau óþægindi, sem maðurinn hefur vegna meiðslisins nú, er nokkur stirðleiki í hægri ökla, og þreyta við og eftir áreynslu.

Vegna þessa slyss hefur maðurinn hlotið varanlega örorku, sem telst hæfilega metin svo:

Í 3 mánuði	100%	örorka
– 1 mánuð	75%	—
– 2 mánuði	50%	—
– 6 mánuði	25%	—
og síðan varanleg örorka 10%.		

Stefnandi reisir bótaábyrgð protabús Jóns Kr. Gunnarssonar á því, að vinnuveitandi beri fébótaábyrgð á því tjóni, sem starfsmaður hans valdi með saknæmum hætti, en slysið sé að rekja til þess, að verkstjórinn hafi látið framkvæma verkið á gálausan og vítaverðan hátt. Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á hendur búinu á því, að vinnuveitandi beri ábyrgð á tjóni, sem hljótist vegna hættulegs atvinnurekstrar eða starfs, sem fyrir hann er unnið.

Bótakröfu á hendur stefnda Guðna reisir stefnandi á 67. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958, þar sem slysið hafi orðið við notkun bifreiðarinnar G 494, eign Guðna. Þá beri stefndu Samvinnu-tryggingar ábyrgð á tjóninu samkvæmt 2. mgr. 74. gr. sömu laga.

Loks telur hann stefnda Guðna bera fébótaábyrgð á slysinu, þar sem hann hafi átt sök á því með gáleysi sínu við að losa pall bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnda skiptaráðandans í Hafnarfirði f. h. protabús Jóns Kr. Guðnasonar er því haldið fram, að slysið hafi hlotið við notkun bifreiðar og bifreiðarstjóranum hefði borið að ganga úr skugga um, að forsvaranlegt væri að losa bátinn af bifreiðinni, en ekki hlíta verkstjórn annars um það, enda ósannað, að Gunnar E. Jónsson hefði stjórnað verkinu. Varakrafan er byggð á því, að stefnandi hefði hagað sér gáleysislega og beri því að skipta sökinni. Loks er stefnukröfunni mótmælt sem of hárrí.

Stefndu Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnu-tryggingar reisa sýknukröfur sínar á því, að slysið hafi ekki hlotið af ökutækinu G 494 í notkun í skilningi umferðarlaga. Við þetta verk hafi ekki komið fram sérkenni bifreiðarinnar G 494 sem ökutækis og sérreglum umferðarlaganna um bótaábyrgð verði því ekki beitt. Vélsturta bifreiðarinnar sé sjálfstætt vinnutæki undir stjórn verkstjóra og á ábyrgð vinnuveitanda.

Bótaábyrgð verði heldur eigi lögð á stefnda Guðna Vilberg samkvæmt almennum skaðabóta-reglum, þar sem hann hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og farið eftir fyrirmælum verkstjóra.

Varakröfu sína byggja stefndu á því að lækka beri stefnukröfuna og skipta sök.

Af því, sem að framan er rakið um tilhögun verksins, virðist ljóst, að slysið orsakaðist af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að spírur þær, sem lagðar voru fyrir bátinn og hann átti að setjast á, eru svo langar, að mennirnir verða að standa á milli þeirra. Með því að nota styttri tré, gátu stefnandi og félagar hans staðið fyrir utan þau. Í annan stað reynist báturinn svo þungur, að mennirnir réðu ekki við hann, með þeim afleiðingum, að spíurnar riðlast og stefnandi og annar maður til lenda á milli þeirra.

Telja verður, með hliðsjón af þyngd bátsins, að óvarlegt hafi verið að nota ekki styttri spírur undir hann eða hafa á honum bönd, svo hægt væri að halda við hann og stjórna hraða hans niður af pallinum.

Á þann hátt, sem verkið var framkvæmt, var það ekki hættulaust. Upplýst er, að verkstjóri Jóns Kr. Gunnarssonar var viðstaddur og stjórnaði verkinu.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að aðalstefndi þrotabúi Jóns Kr. Gunnarssonar beri fébótaábyrgð á því lysi, sem stefnandi varð fyrir í þjónustu Jóns Kr. Gunnarssonar.

Aðalstefndi Guðni Vilberg virðist ekki hafa lyft palli bifreiðarinnar óeðlilega eða ógætilega, og verður honum ekki gefið að sök, að hann fór eftir fyrirmælum verkstjórans í þessu efni.

Eitt af aðaleinkenum flestra vörubifreiða sem ökutækja hefur frá öndverðu verið það, að hægt er að sporðreisa pall þeirra og láta farminn renna niður af honum. Oft er þá bifreiðinni einnig ekið áfram um leið.

Áður var pallinum lyft með handafli, en nú er það gert með vökvalyftu, sem knúin er af vélarafli bifreiðarinnar, eins og í því tilfelli, sem hér um ræðir.

Þar sem bifreið aðalstefnda var þannig í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið og hún er tryggð sem slík, verður að telja, að aðalstefndu Guðni Vilberg og Samvinnutryggingar beri solidariska fébótaábyrgð á slysi þessu ásamt þrotabúi Jóns Kr. Gunnarssonar, samanber 67. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958.

Eigi er annað í ljós leitt en stefnandi hafi í einu og öllu farið eftir fyrirmælum verkstjóra eins og hinir félagar hans, og ekkert er fram komið, er bendi til þess, að hann hafi hagað sér ógæti-

lega eða öðruvísi en þeir, enda sleppa tveir samstarfsmenn hans naumlega, en sá þriðji klemmist einnig á milli trjáanna.

Þar sem stefnanda þykir ekki verða gefin sök á því fremur en stefnda Guðna Vilberg, að hann hlýddi verkstjóra sínum, verður krafan um sakarskiptingu eigi tekin til greina. Samkvæmt þessu ber að dæma aðalstefndu til að bæta stefnanda allt það tjón, sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyssins.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Bætur vegna örorkutaps	kr. 137.701.00
2. Lækniskostnaður og útreikningur á fjártjóni vegna örorkutaps	— 2.685.00
3. Bætur fyrir þjáningar, sársauka, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 25.000.00

Kr. 165.386.00

÷ Greiðsla vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins	— 7.187.25
---	------------

Samtals kr. 158.198.75

Fjárhæð þessi er í samræmi við hækkun þá, sem stefnandi gerði á kröfum sínum við munnlegan flutning málsins. Hinir einstöku kröfuliðir skulu nú teknir til athugunar.

Um 1. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað út atvinnutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats Páls Sigurðssonar læknis, en því hefur ekki verið hnekk, og verður það því lagt til grundvallar við ákvörðun örorkubóta. Fyrri útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 1. apríl 1961, en hinn síðari 12. janúar 1962.

Stefnandi er talinn fæddur 24. júní 1920 og var því 39 ára, er hann slasaðist. Hann er ókvæntur, en með eitt barn, fætt 1947, á framfæri sínu.

Til grundvallar áætlun sinni um atvinnutjón stefnanda leggur tryggingafræðingurinn atvinnutekjur hans árin 1957—1959, er voru sem hér segir:

Árið 1957 kr. 62.197.01, árið 1958 kr. 79.561.00 og árið 1959 kr. 72.680.00.

Á þessu tímabili starfaði stefnandi hjá tveimur fyrirtækjum, Óðni h.f., Raufarhöfn, og Jóni Kr. Gunnarssyni, ýmist sem verkstjóri eða verkamaður, að eigin sögn. Tryggingafræðingurinn umreiknar þessar tekjur með tilliti til kauplags á slysdegi til

þess dags, sem útreikningurinn er gerður, og með hliðsjón af breytingum á dagvinnutaxta Dagsbrúnar í almennri verkamannavinnu.

Í síðari útreikningi sínum, 12. janúar 1962, hefur tryggingafræðingurinn tekið tillit til þeirra breytinga, sem orðið höfðu á almennum Dagsbrúnartaxta, frá því fyrri útreikningur var gerður. Breytingarnar eru þær, að í júnílok 1961 hækkaði taxtinn um 10%, og í núgildandi kjarasamningi er gert ráð fyrir 4% hækkun 1. júní 1962.

Meðalárstekjur þriggja framangreindra ára, umreiknaðar á þann hátt, sem að framan greinir nema kr. 74.278.00 á tímabilinu frá slysdegi til júníloka 1961, síðan kr. 81.717.00 til maíloka 1962 og eftir það kr. 84.987.00.

Reiknað með 6% ársvöxtum og reynslu af langlífi íslenzkra karla á tímabilinu 1941—1950, áætlað tryggingafræðingurinn verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi kr. 137.701.00, sem er sú fjárhæð, er stefnandi reisir kröfu sína á, samkvæmt þessum lið.

Tryggingafræðingurinn hefur einnig reiknað út atvinnutjón stefnanda, miðað við 7% ársvexti, og nemur sú fjárhæð kr. 127.806.00.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfuleið sem allt of háum.

Þegar allt það er virt, sem hér að framan greinir, og höfð er hliðsjón af því, að dæmdar fébætur eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, að miðað er við stöðuga atvinnu og vextir eru nú almennt hærri en 6%, þykja bætur samkvæmt þessum lið að frádregnum þeim bótum, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar greitt, hæfilega áætlaðar kr. 80.000.00.

Um 2. Kröfuleið þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum og órökstuddum.

Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og sjúkrasögu hans, eins og hún er rakin í vottorði Páls Sigurðssonar tryggingalæknis hér að framan, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 15.000.00.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að dæma ber aðalstefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 97.685.00 (kr. 80.000.00 + kr. 2.685.00 + 15.000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, og kr. 10.000.0 í málskostnað.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndu, skiptaráðandinn í Hafnarfirði f. h. þrotabús Jóns Kr. Gunnarssonar, Guðni Vilberg Björnsson og Samvinnutryggingar, greiði in solidum stefnanda, Ólafi Snorra Guðnayni, kr. 97.685.00 með 10% ársvöxtum frá 12. marz 1960 til 29. desember s. á. og frá þeim degi 8% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 29. desember 1962.

Nr. 184/1962. **Dánar- og félagsbú Eyjólfss Guðmundssonar og Arnþrúðar Guðjónsdóttur, Guðmundur Eyjólfsson og Sigurður Eyjólfsson**

gegn

Kristjáni Bjarnasyni.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Kristinn Jónsson og Rögnvaldur Guðjónsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember þ. á., og bárust Hæstarétti skjöl kærumálsins 21. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að niður verði fellt ákvæði 2. tl. hins kærða úrskurðar og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti; til vara, að úrskurður héraðsdóms